

Greinargerð frá síldar- útvegsnefnd

I gær barst Þjóðviljanum eftirfarandi greinargerð frá síldarútvegsnefnd vegna blaða-skrifa um stórskemmdir á saltsíld frá Íslandi.

I dagblöðum í Rvík birtist í dag frétt frá NTB, sem hófð er eftir Bergens Tidende um stórfelldar skemmdir í síld frá Íslandi.

Vegna þess að frásögn hins norska blaðs er í verulegum atriðum alröng og að öðru leyti ýkt og villandi telur SÚN rétt að taka fram eftirfarandi:

I saltsíld hafa engar skemmdir komið fram, þvert á móti hafa kaupendur látið í ljós það álit, að gæði saltsíldarinnar frá vertíðinni í fyrra séu betri en verið hafi um langt árabil.

Öll sykursíld og kryddsíld, er skoðuð af kaupendum áður en útlutningur fer fram, og segja þeir þá til um hvort þeir samþykktja síldina sem samningshæfa vöru. I því sambandi skal þess getið, að öll sykur- og kryddsíld, sem til Svíþjóðar og Danmerkur fer — en það er meginhluti framleiðslunnar — er víðurkennd af umboðsmönnum kaupenda þegar við söltun, bæði að því er varðar val fersksíldar og hvernig verkun skuli hagað.

Kaupendur hafa því samþykkt alla þá síld, sem út hefur verið flutt sl. ár eins og á undanförunum árum og er engin síld flutt út úr landinu nema hún hafi áður verið skoðuð og samþykkt af hálfu kaupenda.

Kvartanir hafa að þessu sinni samt borizt eftir á frá nokkrum kaupendum um skemmda síld. Nemur það magn sem kvartað hefur verið yfir um 2% af heildarmagni þeirrar síldar sem út hefur verið flutt af framleiðslu sl. árs. Auk þess liggur enn í landinu talsvert magn síldar, eða um 5% af heildarframleiðslunni, sem ekki hefur enn verið útfliutt.

Orsakir til galla á síld geta verið margvíslegar, og hefur oftast tekizt að leysa vandamál, sem upp hafa komið með samkomulagi milli seljenda og kaupenda. Rangar fréttastofu-eða blaðafregnir geta aftur á móti aldrei leitt til eðlilegrar lausnar á þessum málum frekar en öðrum.


Samningar vegna Straumsvíkurhafnar

I gær voru undirritaðir samningar milli vitamálastjóra f. h. Hafnarfjarðarbæjar og verktaka-samsteypu um byggingu hafnar

Blaðskák TR:TA

SVART: TA:

Jón Björgvinsson
Þorgeir Steingrímsson.
a b c d e f g h



HVÍTT: TR:
Arinbjörn Guðmundsson
Guðjón Jóhannsson

28. Dg2

Dd8

Kosningar á Alþingi síðasta þingdaginn:

Listamannalaunanefnd, orku- ráð og Byggingasjóðstjórn

A fundi sameinaðs þings í gær var kosin listamannalaunanefnd og voru þessir kosnir: Einar Laxness, Halldór Kristjánsson,

Andrés Kristjánsson, Andrés Björnsson, Hjörtur Kristmundsson, Magnús Þórðarson og Helgi Sæmundsson.



Skuggasveinn og Ketill. — Ljós. H. K.).

Sýna Skuggasvein á Dalvík

■ Sl. laugardagskvöld var hið vinsæla leikrit Skuggasveinn frumsýnt á Dalvík, og er það Leikfélag Dalvíkur og Umf. Svarfdæla sem standa að sýningunni. Leikstjóri er Steingrímur Þorsteinsson.

Skuggasveinn hefur tvicegis áður verið tekinn til sýninga á Dalvík, fyrst árið 1930 og síðan 1943, og var Steingrímur Þorsteinsson þá einnig leikstjóri, en hann hefur stjórnað fjölda leik-sýninga um langan tíma.

Æfingar á Skuggasveini hófust í byrjun febrúar og eru það um

30 manns sem standa að sýningunni. Leiktöld málaði Brimar Sigurjónsson.

Leikstjórnin, Steingrímur Þorsteinsson leikur jafnframt aðalhlutverk ið Skuggasvein. Aðrir helztu leikendur eru: Jóhannes Haraldsson (Lárentsius sýslumaður), Ævar Klemenzson (Ögmundur útilegumaður), Steinn Simonsars. (Jón sterki), Ómar Arinbj. (Gvendur smali), Jón Halldórson (Ketill skrakur), Friðrikka Jónsdóttir (Grasa-Gudda), Bragi Jónsson (Haraldur útilegumaður), Vilhelm Þórarinnsson (Sigurður í Dal), Halla Árnadóttir (Ásta), Klara Arnbjörnsdóttir (Margrét), Jóhann Tryggvason (Galdra-Héðinn), Sigtryggur Árnason (Hróbjartur), Hreiðar Árnason og Gunnar Friðriksson (stúdentar) og Brynjar Friðleifsson og Pálmi Jóhannsson (kotungar).

Önnur sýning var á Dalvík sl. sunnudag, en næstu sýningar eru í kvöld og þrjú næstu kvöld.

Ummæli lyfjafræðinga:

Rangt að allt gangi eðlilega

Þjóðviljinn átti í gær tal við Torfa Hjartarson sáttasemjara ríkisins og innti hann eftir því hvort hann hefði boðað til sáttafundar lyfjafræðingadeilunnar. Kvæð hann svo ekki vera. Hefur enginn sáttafundur verið haldinn frá því verkfallið hófst fyrra mánuðag. Þá barst Þjóðviljanum í gær eftirfarandi athugasemd frá Lyfjafræðingafélagi Íslands varðandi blaðafregnir um mál þetta.

„Eftir að lyfsalar hafa marg oft lýst því yfir, bæði í blöðum og útvarpi, að „allt gangi eðlilega“ þrátt fyrir verkfall lyfjafræðinga, getur Lyfjafræðingafélag Íslands ekki orða bundizt og óskar að taka fram eftirfarandi:

I apótekunum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði vinna 36 lyfjafræðingar. Eftir að verk-

Nefndin er kosin samkvæmt nýju lögnum um listamannalaun, en ný nefnd verður kosin á fyrsta þingi eftir hverjar þingkosningar.

I stjórn Byggingarsjóðs verkamanna voru kosnir sem aðalmenn: Finnþogi R. Valdimarsson, Eysteinn Jónsson, Þorvaldur Kristjánsson, Gunnar Helgason, Eggert G. Þorsteinsson. Og varamenn: Björn Jónsson, Þráinn Valdimarsson, Pétur Sigurðsson, Ragnar Kjartansson, Björn Vil-mundarson.

Endurskoðendur Byggingarsjóðsins voru kosnir Bjarni Bachmann og Þórarinn Sigurðsson.

I Orkuráð samkvæmt nýjum lögum voru kosnir Einar Olgeirsson, Daniel Ágústínusson, Ingólfur Jónsson, Magnús Jónsson, Bragi Sigurjónsson.

Kosinn var varamaður í bankaráð Landsbanka Íslands í stað Skúla Guðmundssonar sem varð þar aðalmaður eftir lát Steingríms Steinþórssonar; Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri.

Þá var kosinn einn maður í stjórn Sementsverksmiðjunnar í stað Helga Þorsteinssonar sem er látinn: Daniel Ágústínusson.

Kosnir voru í stjórn Kisiliðjunnar hf. Magnús Jónsson, Pétur Pétursson og Karl Kristjánsson. Og varamenn Ingvar Þórarinnsson, Einar M. Jóhannesson og Stefán Sörensson.

I nefnd til að athuga um staðgreiðslu skatta voru kosnir Eðvarð Sigurðsson, Guttormur Sigurbjörnsson, Sigurður Ingi Sigurðsson, Ólafur Björnsson, Páll Línal, Guðjón Sigurðsson og Sigurður Ingimundarson.


Sveitakeppni í hraðskák

I sl. viku hélt Taflfélag Rvíkur sveitakeppni í hraðskák. Tólf fjögurra manna sveitir tóku þátt í keppninni. Sveit Hauks Angantýssonar fór með sigur af hólmi, vann 63 skákir af 88 teildum og þar með veglegan farandbikar, sem Heildverzlunin Hekla hf. gaf til keppninnar. I 2. sæti varð sveit Jónasar Þorvaldssonar, er hlaut 61½ vinning, en i 3. sæti varð sveit Jóns Friðjónssonar með 52½ vinning.

Segja má, að keppni þessi hafi jafnframt verið einstaklingskeppni í fjórum flokkum. Af 1. borðsmönnum varð Ingvar Ásmundsson eftstur, vann 17½ skák af 22 teildum, en á 2. borði sigraði fyrrv. Íslandsmeistari í skák, Guðm. Sigurjónsson, er hlaut 19 vinninga af 22.

ÞJÓÐVILJINN

Fimmtudagur 20. apríl 1967 — 32. árgangur — 89. tölublað.



Eitt af teppum Ásgerðar Búadóttur á sýningunni í Unuhúsi. Það heitir Haustskógur. — (Ljós. Þjóðv. A. K.).

Listsýning í Unuhúsi:

Myndvefnaður Ás- gerðar Búadóttur

I dag verður opnuð í Unuhúsi við Veghúsastíg sýning á 11 opnum teppum eftir Ásgerði Ester Búadóttur. Teppin eru ofin svo að segja eingöngu úr íslenskri ull og notar listakonan sauðaliti-na mikið en einnig lítaða ull.

Aðspurð sagðist Ásgerður síðast hafa haldið sýningu á verkum sínum 1962 og þá í Bogasal Þjóðminjasafnsins. 1959 tók hún þátt í skandinavískri sýningu í Louvre safninu í París og síðar á samnorrænni sýningu í Gautaborg og Handwerk-Messen í

München, þar sem hún fékk gullverðlaun fyrir eitt teppanna.

Þeir eru fáir sem leggja stund á listvefnað hérlandis og sagðist Ásgerður ekki vita um fleiri en þær Vigdís Kristjánsdóttur. Hins vegar hefði þessi listgrein átt vaxandi gengi að fagna undanfari- n á hinum Norðurlöndunum og í Frakklandi hefði hún verið mikilsmetin allt frá 17. öld þegar menn ófu eftir málverkum, jafnvel gullrammana. Vitaskuld stæðu Frakkar fram-arlega í listvefnaði en ekki leizt listakonunni á þá þróun sem mikið hefur borið á þar í landi undanfarið, að menn snúi sér að því aftur eins og fyrr á öld- um að vefa eftir málverkum, því að málara-listin og vefnaður væru tvær óskildar listgreinar sem alls ekki ætti að slá saman.

Elzta teppið á sýningunni í Unuhúsi er frá 1962 og eru þau öll til sölu nema tvö sem eru í einkaeign. Sýningin verður opnuð kl. 2 í dag og verður opin til kl. 10 á kvöldin út þessa viku.

Hátíðahöldin í Kópavogi hefjast kl. 13,30 í dag

Hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Kópavogi hefjast með útsamkomu við Kópavogsskóla kl. 1,30 eh. Þar leikur Skólahljómsveitin undir stjórn Björns Guðjónssonar, séra Lárus Halldórsson heilsar sumri, Samkór Kópavogs syngur undir stjórn Jans Moraveks, sveit úr Breiðabliki sýnir glímu. Leikfélag Kópavogs sýnir þátt úr barnaleikritinu Óamma Bína og Ríó-tríóið leikur.